

Fundur Atvinnu-og Ferðamálanefndar.

Aratunga, 30.10.2023 kl 19:30

Mætt: Dóra Þorleifsdóttir, Óli Finnsson, Stephanie Langridge

Rakel Theodórsdóttir og Kristinn Bjarnason (ritar fundagerð),

1. Lína Björg Tryggvadóttir Bygðarþróunarfulltrúi Uppsveita. Spjall og kynning á starfinu. Fer yfir vinnu og áherslur við Atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Niðurstaða-bjart framundan en næg verkefni og áskoranir fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.
2. Umræður um Gullna Hringborðið.
3. Hugmyndir ræddar um markmið og verkefni okkar í nefndinni og að hverju nefndin á að stefna. Mikilvægt er að halda umræðunni á lofti er varðar fjölbreytta atvinnumöguleika. Rætt var um hvernig við náum tengingu við yngra fólkið, vera til dæmis með kynningu á fjölbreyttum atvinnumöguleikum fyrir grunnskólanemendur að fyrirmynd Hornafjarðar:“starfastefnumót”, þar sem nemendur kynnast fjölbreyttum störfum í sveitarfélaginu.
4. Önnur mál. – Ábending til sveitarstjórnar, vöntun á upplýsingagjöf til íbúa. Mikilvægt er að fylgja efir ákveðnum málum sem sitja nærri fólki, td. fjarskiptamál í Laugarási eða öryggismál á Gullna hringnum. Þörf á að hægt sé að nálgast upplýsingar um stöðu á málunum. Mikilvægt er að uppfæra heimasíðu sveitarfélagsins og gera hana aðgengilegri og skilvirkari.

Fundi slitið klukkan 22:00